

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 772/1999 um hundahald í Árborg.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

2. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STARFSREGLUR

fyrir kærunefnd útboðsmála.

1. gr.

Hlutverk og starfssvið.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærur einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er nefndinni heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist. Ákveði nefndin að gefa ráðgefandi álit skal haga málsmeðferð eftir starfsreglum þessum og XIII. kafla laga nr. 94/2001 eftir því sem við á.

2. gr.

Málskotsréttur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum nr. 94/2001 eða reglum settum samkvæmt þeim og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kærueimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

3. gr.

Frestur til kæru

Kæra skal borin skriflega undir nefndina innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Kæra skal afhent eða póstsend kærunefnd útboðsmála, Arnarhváli, 150 Reykjavík. Frestur samkvæmt 1. mgr. miðast við móttökudag eða póstlagningardag kæru hjá nefndinni.

4. gr.

Efni kæru.

Í kæru skal eftirfarandi koma fram:

- a. Fullt heiti kæranda og fyrirsvarsmanns hans, kennitala, lögheimili og raffang (tölvu-póstfang), ef því er að skipta.
- b. Heiti og heimilisfang kærða.
- c. Ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð.
- d. Kröfugerð kæranda, þ.e. ein eða fleiri eftirtalinna krafna:
 - krafa kæranda um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir,
 - krafa um að ákvörðun kærða verði felld úr gildi eða breytt, ef henni er að skipta,
 - krafa um að lagt verði fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða breyta útboðsauglýsingu, útboðslýsingu eða öðrum þáttum útboðsgagna.
- e. Beiðni um álit á skaðabótaskyldu kaupanda, ef því er að skipta.
- f. Stutt lýsing málsatvika, málsástæðna og rökstuðningur.
- g. Hvort heimilað er að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir kæranda með rafpósti.

Með kæru skal fylgja afrit allra þeirra gagna, sem vísað er til í kæru, auk annarra gagna, sem kærandi telur styðja kröfur sínar.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. skal nefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal vísa kæru frá.

5. gr.

Fjöldi kærugagna og frekari gögn.

Kæra ásamt fylgigögnum skal vera í sex eintökum. Nefndin getur leyft frávik frá þessu skilyrði ef fylgigögn eru óvenjulega umfangsmikil.

Nefndinni er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað.

6. gr.

Málsmeðferð.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar samkvæmt 4. gr., sbr. 78. gr. laga nr. 94/2001, og gefur nefndin þá þeim sem kæra beinist gegn kost á að tjá sig um efni kærunnar. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar. Nefndin getur krafist þess að sá sem kæra beinist að leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni sá sem kæra beinist að ekki slíkri kröfu má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Kærandi skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir hins kærða. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar.

Nefndin getur gefið aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega ef mál er óvenjulega flókið eða umfangsmikið. Að öðrum kosti skal gagnaöflun teljast lokið þegar athugasemdir kærða samkvæmt 2. mgr. hafa borist, enda telji nefndin mál nægilega upplýst samkvæmt framkomnum gögnum.

Nefndin skal taka mál til úrskurðar eins fljótt og auðið er. Úrskurð skal kveða upp eigi síðar en einum mánuði eftir að athugasemdir kærða samkvæmt 2. mgr. bárust.

7. gr.

Málsmeðferð um kröfu um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir.

Þeim sem kæra beinist gegn skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár sólarhringar.

Ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á lögum nr. 94/2001 eða reglum settum samkvæmt þeim er heimilt að taka ákvörðun um stöðvun um stundarsakir án þess að þeim sem kæra beinist gegn hafi verið gefinn kostur á að tjá sig.

Þegar athugasemdir samkvæmt 1. mgr. hafa borist skal nefndin taka ákvörðun um kröfuna eins fljótt og unnt er. Ef skýrt liggur fyrir að skilyrði til stöðvunar samningsgerðar um stundarsakir eru ekki fyrir hendi, svo sem vegna þess að samningur hefur þegar verið gerður, er þó heimilt að fresta umfjöllun um kröfuna til endanlegs úrskurðar.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

8. gr.

Úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar.

Á nefndarfundi, þar sem tekin er lokaákvörðun um mál, skal nefndin vera fullskipuð. Í öðrum tilvikum er fullnægjandi að tveir nefndarmenn sitji fund.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndarálit ef því er að skipta. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns.

Um úrræði nefndarinnar fer samkvæmt 80. gr. og 81. gr. laga nr. 94/2001.

Nefndarmenn skulu undirrita ákvarðanir, úrskurði og minnihlutaálit sem þeir standa að.

9. gr.

Ákvarðanir formanns.

Formaður ákveður fundi nefndarinnar og stýrir störfum hennar.

Að kröfu aðila gefur formaður rökstuðning samkvæmt 3. mgr. 80. gr. laga nr. 94/2001 hafi rökstuðningur ekki fylgt ákvörðun nefndarinnar þegar hún var tilkynnt.

Formaður eða varaformaður tekur ákvörðun um afhendingu gagna til málsaðila og annarra aðila.

Formaður skal kynna rökstuðning og ákvarðanir samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. fyrir öðrum nefndarmönnum eftir því sem kostur er.

10. gr.

Fundargerðir og málaskrá.

Í fundargerðir skal skrá hvaða mál er tekið fyrir, framlögð gögn, ákvarðanaorð og úrskurðarorð auk athugasemda sem nefndarmenn óska eftir að fært sé til bókar. Heimilt er

að rita fundargerðir á tölvu. Ritari staðfestir fundargerðir. Fundargerð skal varðveita með gögnum viðkomandi máls eða í fundargerðabók.

Ritari heldur skrá yfir mál sem berast nefndinni og lyktir þeirra.

11. gr.

Tilkynningar.

Heimilt er að senda málsaðila tilkynningar, ákvarðanir og úrskurði með rafpósti eða öðrum rafrænum hætti, hafi hann samþykkt slíka tilhögun. Staðfest endurrit ákvarðana og úrskurða skal þó einnig senda bréflega eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

12. gr.

Birting úrskurða kærunefndar útboðsmála.

Úrskurðir nefndarinnar skulu gerðir almenningi aðgengilegir eftir nánari ákvörðun formanns. Óski málsaðili eftir því að tiltekin atriði í úrskurði séu ekki birt skal hann tilkynna nefndinni um það.

13. gr.

Upplýsingagjöf til fjármálaráðuneytisins.

Nefndin skal láta fjármálaráðuneytinu í té endurrit af ákvörðunum og úrskurðum í málum sem hún fjallar um.

14. gr.

Almennar reglur.

Að öðru leyti en kveðið er á um í starfsreglum þessum og lögum nr. 94/2001 fer um störf nefndarinnar samkvæmt stjórnslutölum nr. 38/1993.

15. gr.

Gildistaka.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 82. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi.

Kærunefnd útboðsmála, 7. desember 2001.

Páll Sigurðsson.

Anna Soffía Hauksdóttir.

Sigfús Jónsson.

Hér með staðfestast ofangreindar starfsreglur kærunefndar útboðsmála.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.